

14

13. jan.

L Ö G

um löggilding verzlunarstaðar við Paralátursfjörð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Paralátursfjörð í Grunnavíkurbhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar fullnægt hefir verið skilyrðum laga nr. 61 10. nóv. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Paralátursfirði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

15

13. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar,

sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóm- 15
inum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun 13. jan.
ekki fullnægingu dómsins.

2. gr.

Aftan við 43. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Ef frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórn, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).

3. gr.

Síðari málsg. 66. gr. laganna orðist svo:

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefir dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefir greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð, eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

4. gr.

Aftan við 100. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

5. gr.

Aftan við 2. tölul. 110. gr. laganna bætist: (sbr. þó 112. gr.)

6. gr.

Aftan við 112. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Útankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefir boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda.

7. gr.

Aftan við 11. tölul. 147. gr. laganna bætist: (sbr. þó 66. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.